



Náttúrulega Reykjavík!

Aðgerðir 2026–2030






LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ
Stefna Reykjavíkurborgar



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ –
STEFNA REYKJAVÍKURBORGAR

Aðgerðaáætlun 2016-2026.



Umhverfis – og skipulagssvið Reykjavíkur

8. mars, 2017



Reykjavík



1

Að rannsaka og vakta
lífriki borgarinnar.

Náttúruborgin

STEFNA REYKJAVÍKUR UM LÍFFRÆÐILEGA FJÖLBREYTNÍ



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

V. 20,



Dæmi um aðgerðir síðustu ár

- ✓ 5 Friðlýsingar
- ✓ 3 áfangar af endurheimt votlendis
- ✓ Stutt við græna innviði – Græna netið
- ✓ Ýmsar aðgerðir við að bæta búsvæði í Vatnsmýri og á Tjörninni
- ✓ Aðgerðir gegn tröllahvönnum
- ✓ Mörg fræðsluverkefni
- ✓ Blágrænar ofanvatnslausnir

...o.s.frv.





Miðvikudagur, 4. mars 2026 | Ritstjórn

Grafarvogur friðlýstur



Heiða Björg Hilmesdóttir borgarstjóri og Jóhann Páll Jóhannsson
Grafarvog sem skein við sólu þegar undirritunin fór fram um

Þriðjudagur, 12. mars 2019 | Ritstjórn

Umhverfi Framkvæmdir


Ráðist í endurheimt



Miðvikudagur, 17. júlí 2019 | Ritstjórn

Umhverfi


Fuglalíf í fullu fjöri í Reykjavík



Föstudagur, 16. september 2022 | Ritstjórn

Loftslagsmál Umhverfi

Friðlýsing á Degi íslenskrar náttúru



lausnir

lit vatnsins og grænan lit
rfið frá því að veita ofanvatni

eva úrkoma, sem væði en inginn og stjór, sem hraðast í
frárennslislagirnir og út í sjó eins og tíðkast hefur. Í staðinn eru
notaðar grænar lausnir sem sía vatnið í gegnum gegndræpt yfirborð
og niður í jarðveginn og halda því sem mest í náttúrulegri hringrás.
Gróður getur tekið til sín og nýtt talsvert af regnvatninu og þannig
má með ýmsum lausnum takmarka mjög álag á núverandi
frárennslislagirnir og draga úr líkum á flóðum þegar lagnir anna ekki
vatnsmagninu.

— Meira um blágrænar ofanvatnslausnir




GRÆNAR TENGINGAR Í REYKJAVÍK

Kortlagning og skilgreining

DRÖG

maí 2017

ATA





BERLIN URBAN
NATURE PACT



BERLIN URBAN
NATURE PACT

BERLIN URBAN NATURE PACT

We, the cities, local and regional authorities, commit to a Pact for the future of humanity as well as urban nature and biodiversity, the basis of the well-being and health of our citizens.



BERLIN URBAN
NATURE PACT

We acknowledge the **alarming loss of biodiversity** as an imminent threat to our urban environment, infrastructures, value chains, economies as well as to human health and well-being. Spurring the necessary transformational change globally requires **immediate, bold, and inspirational action at the local level**. Cities, as well as local and regional authorities, already play a key role in driving local action and are uniquely positioned to **strengthen actions to reverse biodiversity loss and promote urban nature**.

We further emphasize that the biodiversity and climate crises and their implications to human health are deeply interrelated and need to be addressed in an integrated manner as supported by this Pact. We nominate nature-based solutions that centre on biodiversity and human well-being as a key element to counter these challenges.

We acknowledge that cities represent a unique ecosystem that is fundamental to our health and well-being, and which we protect, shape, and enjoy. Functioning urban ecosystems help clean our air and water, cool urban heat islands, host biodiversity, and support our health and well-being (UNEP 2024).

Acknowledging the significant challenge and urgency in addressing the interconnected biodiversity and climate crises, we understand that achieving harmony between actions to protect the well-being of humans, animals, and green spaces is not an easy task, but a necessary one.

We recognize that integrated approaches for biodiversity management offer major opportunities for people and nature to thrive together and exist in cohesion. We therefore welcome and embrace such approaches to nature and its conservation and restoration adapted to local and biogeographical conditions.

Our commitment to global cooperation and the UN CBD

We are aware of the impact of cumulative local and subnational action, and we therefore assume responsibility to protect biodiversity and enhance urban nature through taking up leadership in transformative action to secure our livable, healthy, biodiverse, climate-smart, and just cities.

We will thereby contribute with our collective efforts to the goals

deliberated by parties at the Fifteenth United Nations Biodiversity

Conference of the Parties to the UN Convention on Biological

Diversity (UN CBD COP 15) and accelerate their implementation

towards a sustainable future for us and future generations. To this

end, we will report our progress to the UN CBD process.



Climate Health





Tímalína máls

1 Í samráðsferli

2 Í vinnslu

Samráði lokið

Í vinnslu

Álitsfrestur er liðinn. Álit voru birt jafnóðum og þau bárust.

Boð um þátttöku (15)

Skjöl til samráðs

[Aðgerðir um líffræði...](#)

Fylgiskjöl

[Heildarstefna Reykja...](#)[Náttúruborgin](#)

Tengiliður

benedikt.traustason@reykjavik.is

Skrá áskrift að máli

Þú verður að vera skráð(ur) inn á island.is til þess að geta skráð þig í eða úr áskrift.

Skrá mig inn

Samráð 28 | Álitsfrestur: 16.3.2026 | Fjöldi álita: 7

[Drög að stefnu](#) | [Umhverfis- og skipulagssvið](#)

Aðgerðir um líffræðilega fjölbreytni



Stutt kynning

Til umsagnar eru drög að nýrri aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík fyrir árin 2026–2030. Áætlunin er innleiðing á gildandi stefnu borgarinnar um líffræðilega fjölbreytni.

Nánari upplýsingar

Til umsagnar eru drög að nýrri aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni fyrir árin 2026–2030. Íbúar Reykjavíkurborgar, samtök og stofnanir býðst að koma á framfæri sínu áliti, tillögum, ábendingum og sjónarmiðum um drögin.

Aðgerðaáætlunin er innleiðing á markmiðum núverandi stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni. Hún skiptist í sex yfirmarkmið:

- 1) rannsóknir,
- 2) að búsvæði í borginni séu vernduð og eflað,
- 3) að unnið sé gegn helstu ógnum líffræðilegrar fjölbreytni,
- 4) að íbúar séu fræddir um málefnið,
- 5) hugað sé að líffræðilegri fjölbreytni í allri starfsemi Reykjavíkur og að
- 6) borgin sé leiðandi á því sviði.

Aðgerðaáætlunin er sett fram í samræmi við þessi yfirmarkmið.

60%

eru **jákvæð** verkefninu Viljandi villt


53%

eru **hlynt** því að settur verði á fót umhverfissjóður fyrir íbúa og íbúasamtök í Reykjavík


82%

eiga **auðvelt** með að komast gangandi frá heimili sínu á skipulagt grænt svæði


Svör eftir hverfum



Svör eftir hverfum




Svör eftir hverfum





Vinsamlegast forgangsraðaðu eftirfarandi verkefnum Reykjavíkurborgar sem tengjast náttúru, gróðri og grænum svæðum:





- ✓ 10.000 tré á ári
- ✓ 3-30-300 reglan staðfærð
- ✓ Endurheimt votlendis og birkiskógar
- ✓ Grænir innviðir – Græna netið
- ✓ Nýjar friðlýsingar – t.a.m. í Skerjafirði
- ✓ Deiliskipulag fyrir græn svæði t.d. Úlfarsfell
- ✓ Aðgerðir gegn ágengum plöntum og kortlagning
- ✓ Rannsóknir og vöktun, nýsköpun, samstarf
- ✓ Fræðsla!



MARKMIÐ 1

Að upplýsingar um líffræðilega fjölbreytni í Reykjavík séu skráðar og greindar

Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Gerð verði vöktunaráætlun um lífríki í Reykjavík og framkvæmdar verði grunn-rannsóknir í samræmi við hana. Fjallað verði um hvaða vistgerðir, tegundir og vistkerfis-þætti skuli vakta, í hvaða tilgangi og hversu oft. Í vöktunaráætlun verði fjallað um lykiltegundir eða lykilbúsvæði, forgangsvistgerðir og breytingar á útbreiðslu framandi ágengra tegunda. Kannað verði hvort hægt sé að nýta athuganir íbúa til gagnaöflunar.	Skrifstofa umhverfisgæða	2026
2. Unnin verði samantekt á þeim rannsóknum og vöktunarverkefnum sem eiga sér stað í dag, hver annast þau og hvernig hægt er að nálgast niðurstöður þeirra.	Skrifstofa umhverfisgæða	2027
3. Gögn um líffræðilega fjölbreytni verði gerð aðgengilegri, bæði á vef og í borgarvefsjá (t.a.m. um mikilvæg svæði fyrir líffræðilega fjölbreytni, vistgerðir, sérstaka vernd náttúruminja, o.s.frv.). Skráning gagna og vistun rannsóknarskýrsla verði samræmd.	Skrifstofa umhverfisgæða	2027
4. Niðurstöðum rannsókna verði komið betur á framfæri, bæði innan og utan Reykjavíkurborgar við íbúa og starfsfólk.	Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt
5. Götutré í borgarlandinu verði skráð í gagnagrunn ásamt lykilbreytum (s.s. tegund, aldur, heilsa). Skoðað verði að bæta skráningu beða, undirgróðurs og gróðurlenda sem þarf að vernda.	Skrifstofa borgarlandsins	2030
6. Gerðar verði rannsóknir og endurmat á áhrifum einstakra aðgerða í áætluninni, t.a.m. viljandi villt, endurheimtar votlendis og blágrænna ofanvatnslausna. Ástand svæða sé skráð áður en farið er í framkvæmdir.	Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt





MARKMIÐ 2

Að staða líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu sé sterk

a VERNDUN b ENDURHEIMT c FJÖLGUN OG EFLING BÚSVÆÐA

Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Þrjátíu prósent af borgarlandi Reykjavíkur verði vernduð t.a.m. með virkri hverfisvernd, vatnsvernd eða friðlýsingum (OECM viðmið verði notuð eins og kostur er). (2.2)	 Skrifstofa umhverfisgæða	2030
2. Fjara við Ægisíðu og Skerjafjörð verði friðlýst í samstarfi við hagaðila.	Skrifstofa umhverfisgæða	2030
3. Afmörkun núverandi hverfisverndarsvæða verði endurskoðuð í aðalskipulagi og unnir verði verndarskilmálar eða verndaráætlanir fyrir þau. Greint verði hvernig auka megi samstarf við íbúa á hverfisverndarsvæðum.	Deild aðalskipulags	2028
4. Unnin verði forgangsöröðun fyrir friðlýsingu nýrra verndarsvæða, m.a. með hliðsjón af verndargildi vistgerða í samstarfi við Náttúruverndar- og Náttúrufræðistofnun.	Skrifstofa umhverfisgæða	2030
5. Aðgengi við náttúruvættið Háubakka verði bætt í samstarfi við Náttúruverndarstofnun samhliða gerð nýs grunnskóla á Fleyvangi og endurgerð götu um Súðavog.	Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu	2030
6. Fyrri fundarstaðir plöntutegunda á valista og friðlýstra tegunda verði endurskráðir í samstarfi við Náttúrufræðistofnun.	Skrifstofa umhverfisgæða	2029
7. Grænir ásar og tengingar á milli búsvæða verði eflar í samræmi við Græna netið.	Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu	Reglulegt
8. Grænum tengingum milli svæða verði gert hærra undir höfði við skipulagsgerð. Gerðar verði greiningar á búsvæðatengingum í þéttbýli (2.3), t.d. við Hverfisskipulagsgerð.	 Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	Reglulegt





MARKMIÐ 3

Að unnið sé gegn helstu ógnum líffræðilegrar fjölbreytni

a BÚSVÆÐAEYÐING b MENGUN c ÁGENGAR TEGUNDIR d LOFTSLAGSBREYTINGAR

Aðgerðir		Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Tryggt verði að græn svæði minnki ekki að flatarmáli innan þéttbýlis Reykjavíkur. Tryggt verði að gegndræpt yfirborð haldi þeim eiginleikum eins og kostur er. (6.2) Greind verði þróun á grænum svæðum á síðustu 20 árum.		Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	2028
2. Reykjavíkurborg setji sér viðmið um mótvægisáðgerðir og um endurheimt svæða þegar nýtt land er brotið undir byggð á hennar vegum og verndun náttúrulegra svæða á byggingatíma. Gerðir verðir skýrir skilmálar á öllum stigum skipulags og á framkvæmdatíma (framkvæmdaleyfi, leyfi til nýtingar borgarlands og eftirlits-verklagsreglum).		Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	2028
3. Við endurgerð gatna verði tryggt að þær fái grænna yfirbragð.		Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar	Reglulegt
4. Skilgreint verði verklag fyrir breytta notkun á grænum opnum svæðum. Til að tryggja að ekki verði gengið um of á græn svæði verði unnar verklagsreglur um afgreiðslu tillagna og beiðna um breytta notkun grænna opinna svæða. Þetta á t.a.m. við um verndarsvæði áa, strandlengju Reykjavíkur og svæði með mikilvægum gróðri.		Deild aðalskipulags	2027
5. Náttúrumiðuðum lausnum verði beitt við að draga úr jarðvegsrofi, t.a.m. með fjölgun götutrjáa, blágrænum lausnum, gegndræpu yfirborði og endurheimtaraðgerðum. (6.4)		Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt



MARKMIÐ 4

Að fræðsla um líffræðilega fjölbreytni fari fram með viðtækum hætti

Aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni 2026-2030

Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
2. Öll börn undir 15 ára aldri fái náttúrukennslu eða náttúruupplifun að lágmarki einu sinni á ári. Stutt verði við útikennslu og upplifun barna í náttúrunni. (1.2)	Umhverfis- og skipulagssvið	2027
3. Greindir verði möguleikar á að setja á fót umhverfisstyrki, t.a.m. í gegnum borgarsjóð fyrir aðgerðir íbúa sem styðja við líffræðilega fjölbreytni í nærumhverfi sínu.	Umhverfis- og skipulagssvið	2027
4. Grenndargörðum fyrir íbúa verði fjölgað. Sett verði á fót verkefni þar sem íbúar geta stutt við líffræðilega fjölbreytni í nærumhverfi sínu. Settur verði aukinn kraftur í viðhald núverandi grenndargarða. (7.4)	Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	2029
5. Möguleikar til fuglaskoðunar verði efldir við strandlengjuna í samræmi við áætlun um haftengda upplifun.	Skrifstofa umhverfisgæða /Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar	2030



Að lögð sé áhersla á líffræðilega fjölbreytni í allri starfsemi Reykjavíkurborgar

Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Tryggt verði að fjárhagsáætlun hvers árs taki mið af stefnu um líffræðilega fjölbreytni og samþykktari aðgerðaáætlun.	Deild loftslagsmála	Reglulegt
2. Gefinn verði út nýr og uppfærður gátlisti um græna innviði í skipulagi fyrir skipulagsfulltrúa, hönnuði og uppbyggingaraðila. Gátlistinn verði innleiddur í innri ferla skipulagsfulltrúa. Umfjöllun um líffræðilega fjölbreytni verði eflað við gerð hverfis- og deiliskipulags.	Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	2027
3. Við skipulagsgerð og þróun þéttbýlis Reykjavíkur verði hugað að líffræðilegri fjölbreytni, innleiddar verði hönnunarlausnir sem styðja við hana og stutt verði við innlendar tegundir eins og kostur er. (3.1)	 Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	Reglulegt
4. Unnar verði deiliskipulagsáætlanir fyrir fleiri græn svæði, t.a.m. Úlfarsfell.	Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	2030
5. Nýbyggingar hljóti umhverfissvottun og er sérstök áhersla lögð á að skóla- og leikskólabbyggingar séu Svansvottaðar. Fyrir aðrar nýbyggingar er stefnt að umhverfissvottun (BREEAM eða Svanur) eins og kostur er.	Skrifstofa framkvæmda og fasteignaþjónustu	Reglulegt
6. Skilgreindir verði árangursvísar fyrir aðgerðaáætlun um líffræðilega fjölbreytni.	Skrifstofa umhverfisgæða	2027
7. Árangur stefnunnar og aðgerðaáætlunarinnar verði metinn og kynntur árlega.	Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt
8. Stefna um líffræðilega fjölbreytni verði sett fram á aðgengilegri hátt.	Skrifstofa umhverfisgæða	2026



Að Reykjavík sé leiðandi í stefnu- og aðgerðamótun um líffræðilega fjölbreytni.

Aðgerðir	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
1. Reykjavíkurborg veiti öðrum sveitarfélögum stuðning við mótun stefnu um líffræðilega fjölbreytni. Reykjavíkurborg hafi frumkvæði að samstarfi um líffræðilega fjölbreytni á höfuðborgarsvæðinu í gegnum samstarfsvettvang SSH.	Umhverfis- og skipulagssvið	2028
2. Stutt verði við nýsköpunar- og rannsóknarverkefni, t.a.m. með innlendum háskólum. Rannsóknarverkefnum á sviði líffræðilegrar fjölbreytni í borgarlandinu verði fjölgað, t.a.m. með aðstoð við leiðbeiningu við lokaverkefni í háskólum.	Umhverfis- og skipulagssvið	Reglulegt
3. Tekið verði á móti nemum sem vinna að rannsóknarverkefnum sem styðja við starfsemi Reykjavíkurborgar og markmið stefnunnar, eins og svigrúm leyfir.	Umhverfis- og skipulagssvið	Reglulegt
4. Áframhaldandi þátttaka í alþjóðlegu samstarfi, t.a.m. með Berlin Urban Nature Pact, Cities for Nature, ICLEI, Trees in Cities og EuroCities.	Umhverfis- og skipulagssvið	Reglulegt
5. Grasagarður Reykjavíkur hafi samstarf við aðrar stofnanir þar sem líffræðileg fjölbreytni er rannsökuð.	Skrifstofa umhverfisgæða	Reglulegt





Reykjavík